

Trúnaðarmannaráð Sameykis

Dags. 12.02.2020	Kl. 13:15	Staður: Gullhamrar
Fundarboðari: KEA	Fundarritari: KEA	

- 13:15 – 13:20 Ávarp formanns og fundur settur
Árni Stefán Jónsson
- 13:20 – 13:50 Kjaramálin
Stytting vinnutíma vaktavinnustarfsmanna
Dagný Aradóttir Pind, lögfræðingur BSRB
- 13:50 – 14:10 Staðan í kjarasamningsviðunum
Árni Stefán og Garðar Hilmarsson
- 14:10 – 14:30 Undirbúningur verkfalla
Þórarinn Eyfjörð
- 14:30 – 14:40 Kaffi
- 14:40 – 15:15 Tillaga um boðun verkfalls – kosning
Árni Stefán
- 15:15 – 15:25 Stofnun ársins – ertu tilbúin/n?
Sólveig Jónasdóttir
- 15:25 – 15:30 Önnur mál

1. Ávarp formanns – Árni Stefán

Árni Stefán setti fundinn og fór yfir dagskrá fundarins

2. Kjaramálin

Dagný Aradóttir Pind kynnti áfanga í viðræðum BSRB um styttingu vinnuviku vaktavinnufólks.

Markmið styttingar vinnutíma vaktavinnuhópa er að gæta að heilsu vaktavinnufólks. Hvati verður til að hækka starfshlutfall. Breytingar verða á taxa og vaktaálagi og reynt er að stilla það þannig að það henti sem flestum. 12 tíma vaktakerfi kemur þó ekki eins vel út.

Kostir styttingar í stuttu máli: vinnuskil jöfnuð, öryggi og heilsa, jafnvægi vinnu og einkalífs, hægt að vera í 100% starfi, frímínútur nýttar jafnóðum, hvati til að hækka starfshlutfall, gagnsæi.

Stýrihópurinn sem hefur unnið að þessu er tilbúinn að stíga inn í aðstæður ef launakjör einhverra hópa myndu lækka mikið.

Spurningar komu úr sal, spurt um viðbót við orlof í stað vetrarfrís, svar: það verður bara vetrarfrí.

Gunnar Rúnar spurði hversu fljótt stýrihópurinn gæti stigið inn ef á þarf að halda – Svar: Þetta er til umræðu núna, verið er að útfæra þetta.

Spurning, af hverju er 1. maí ekki rauður dagur?

Spurning, Isavia fólk á 12 tíma vöktum myndi lækka. Svar: Já, það er rétt, þetta hentar ekki öllum hópum. Vissulega en reynt er að tryggja að 100% starfsfólk lækki ekki í launum, hlutastarfsfólk getur lækkað, frekar er reynt að hækka starfshlutfallið.

Spurning, er hægt að útskýra í hvaða flokk fellur starfsmaður sem byrjar kl. 05 að morgni, í hvaða flokki er hún á tímanum 05-08:00? – Svar: - næturvinnuálag eftir því sem vikudagurinn segir til um. Spurning, bakvaktarfrí, á að taka það jafnóðum? Og er hægt að nálgast upplýsingar um mismunandi vaktakerfi, 2,2,3, eða 5,2 og fleira. – Svar – Taka á bakvaktarfrí jafnóðum, verið er að skoða hvort setja eigi tímamörk.

Spurning, Á hverju strandar þetta? – Svar – þetta hefur verið mjög flókið, verið er að vinna í textavinnunni. Mjög flóknir útreikningar og ríkið hefur þurft aðstoð við að sækja upplýsingar í gagnagrunna.

Dagný nefndi nokkrar spurningar sem hafa komið upp og hafa haft áhrif á gang mála.

3. Staðan í kjarasamningsviðræðunum

Árni sagði að beðið er eftir niðurstöðum úr vaktavinnuumræðunni. Vinnuveitendur vilja að við sættum okkur við 68.000 kr. hækkun á samningstímanum í stað 90.000 kr. Það var miðað við að markaðslaun hækkuðu um 68 þúsund en taxtalaun um 90 þúsund. Okkar starfsfólk er ekki á markaðslaunum. Enn er tekist á um 25% álag á orlofið. Eins er ekki sátt um yfirvinnutaxta. Eins er rætt um að hætta við framlag í Vísindasjóð sem Sameyki er ekki tilbúið að missa. Viðræður framundan við Isavia en viðræðurnar eru komnar til Ríkissáttasemjara. Eins hefur viðræðum við Strætó verið vísað þangað.

Garðar H. nefndi viðræður við Strætó, Orkuveituna og Faxaflóahafnir sem eru áformaðar fljótlega. Viðræður við Sambandið um lífeyrissjóðsgreiðslur, hann er sammála Árna að viðræður ganga of hægt og verkfallsundirbúningur gæti hreyft við viðsemjendum okkar.

4. Undirbúningur verkfalla

Þórarinn Eyfjörð sagði að það er nauðsynlegt að hafa áætlun um verkföll tilbúna í svona stóru félagi. Það er flóknara að boða til verkfalls í opinbera geiranum en á almenna markaðinum. Við erum bundin lögum um atkvæðagreiðslu, það þarf 50% þátttöku og 50% þeirra þurfa að samþykkja verkfallsboðun. Tilkynna þarf viðsemjendum um boðunina, ekki hægt að hnika til og fresta verkföllum.

Hann fór yfir fjölda samningafunda en 120 formlegir fundir hafa verið haldnir, með BSRB og Ríki, Sameyki og Ríki, Reykjavíkurborg og sveitarfélögum. Þetta er fyrir utan aðra fundi, með öðrum samningsaðilum, vinnu vaktavinnuhópsins og fleira.

Þórarinn sagði frá skoðanakönnunum um verkfallsboðun sem voru haldnar á síðasta trúnaðarmannafundi og í sms sendingum til félagsmanna. Svörun úr sms könnun var 56% og niðurstaðan var að 86% sögðu já, 8% sögðu nei og 6% tóku ekki afstöðu.

Þórarinn sýndi drög að skipulagi verkfalla í mars og apríl. Verfallið hæfist 9.mars, ýmist allsherjarverkfali á alla eða tímabundið á suma. Ef samningar nást ekki fyrir 15. apríl færu allir í ótímabundið allsherjarverkfali.

Þær stofnanir sem færu í ótímabundið verkfall frá upphafi verkfalla:

Ríkisskattstjóri, Tollstjóri, sýslumannsembættin, Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins, grunnskólar og frístundamiðstöðvar.

Af því að þetta er tvískipt verkfallsboðun þá eru reglur stífar um kosninguna.

Stofnanir í ótímabundnu verkfalli þurfa að kjósa tvisvar, um ótímabundna hjá sinni stofnun og líka um allsherjarverkfallið.

Upplýsingar verða komnar á heimasíðu fyrir helgi. Atkvæðagreiðsla hefst á mánudag.

Þórarinn ítrekaði hversu mikilvægt er að tryggja þátttöku starfsmanna í kosningu um verkfallsboðun, ef við náum ekki 50% þátttöku eru vopnin slegin úr höndum okkar.

Árni tók undir þetta og bað fundarmenn að vera duglega að hvetja samtarfsfólk sitt til að kjósa. Spurning, - á hvaða forsendum yrðu undanþágur? Svar – þegar opinberir starfsmenn fara í verkfall er annað fyrirkomulag en hjá t.d. Eflingu. Nú þegar eru til undanþágulistar yfir starfsfólk sem má ekki fara í verkfall, um 3-400 manns. Dæmi, launafulltrúar mega ekki fara í verkfall, allir á sambýlum og hjá málefnum fatlaðra, þar fyrir utan mega atvinnurekendur biðja okkur um undanþágur, þá er nefnd segir tekur ákvörðun um það.

Spurning – ef einhver samningsaðili nær samningi munu þeir taka áfram þátt í verkfalli? Svar – Nei, ef samið yrði t.d. við Rvk.borg þá hætta þeir í verkfalli en aðrir halda áfram. Verið er að stilla sig saman við sjúkraliða hjá borg og ríki. Á Landspítala gætu verkfallsdagar orðið öðruvísi.

Spurning – á vinnustað er sagt að enginn græði á verkfalli, þarf að vera skýrt til starfsmanna að þeir fái greitt úr verkfallsjóði. Líka, hvaða hópar fara í skærur. Svar - 9. og 10. mars fara allir í verkfall.

Stofnanir sem voru taldar upp fara í verkfall þá og líka aðra daga sem er ekki allsherjarverkfall.

Auðvitað verða verkfallsbætur, hafa verið 2 tegundir, þeir sem fara í skærur fá allir sömu töluna, 2015 var það 16.000 á dag og var jafnvel meira en lægstu laun á þeim tíma. Þeir sem fara í verkfall allan tímann munu væntanlega fá greitt eins nálægt sínum launum. Erfitt að halda í við launatengdu gjöldin líka. Reynum að finna út úr því.

Spurning, allir á hans vinnustað fengu sms um daginn en bara hluti er að fá tölvupósta frá félaginu.

tryggja þarf að allir fái tölvupósta. Svar – Árni sagði að nú fara allir inn á mínar síður til að kjósa.

Jakóbína bætti við að verið er að vinna hörðum höndum í að afla netfanga og símanúmera.

Eftir hlé

Árni sagði að hann hafi verið spurður í hléinu, en þeir sem eru á undanþágulista eiga líka að taka þátt í atkvæðagreiðslunni.

Tillaga um boðun verkfalls – tillagan var birt á skjá. Tvískiptur atkvæðaseðill, sér atkvæðaseðill fyrir viðsemjendum Sameykis, Fjármálaráðherra v/ríkisins, Reykjavíkurborg og Samb. íslenskra sveitarfélaga vegna Seltjarnarnesbæjar, Akraneskaupstaðar og Höfða hjúkrunar og dvalarheimilis. Sér atkvæðaseðill vegna Strætó og Isavia því þeirra viðræðum hefur verið vísað til Ríkissáttasemjara. Stjórn Sameykis óskar eftir umboði trúnaðarmannaráðs til að ákveða að atkvæðagreiðsla um verkfall fari fram fyrir þessa aðila.

Samþykkt var að greiða atkvæði með handauppréttingu.

Fyrst vegna atkvæðagreiðslu helstu samningsaðila. Það var samþykkt af öllum viðstöddum.

Seinni tillagan vegna samninga Strætó og Isavia, það var samþykkt af öllum viðstöddum.

Atkvæðagreiðslur verða 17. – 19. febrúar. Niðurstöður verða klárar 20. febrúar. Líða þurfa 3 vikur að fyrsta verkfalli og getur það því hafist mánudaginn 9. mars.

Spurning úr sal um hvaða starfsmenn þetta eru, fannst ekki nógu skýrt með Reykjavíkurborg. Árni fór yfir textann og sagði þetta upptalningu á viðsemjendum, þeir eru Ríkið, Reykjavíkurborg og SÍS v/Akranes.

Stofnun ársins – Sólveig

Sólveig vildi ítreka að allar upplýsingar um verkfallsboðun, verkfall og verkfallsgreiðslur verði á heimasíðunni.

Stofnun ársins, könnunin verður send út á næstu dögum og verður hún opin fram að páskum.

Niðurstöður verða kynntar á hátíð 13. maí.

Könnun er þrískipt:

Stofnun ársins - allir hjá ríki taka þátt og þær stofnanir sem hafa keypt sig inn í könnunina.

Launakönnun – félagsfólk Sameykis svarar

Þemaspurningar um tæknibreytingar og framtíðarvinnuþættinn, málfing verður í vor.

Sólveig minnti á hversu góð þátttaka er mikilvæg, hún hefur verið frá 35-100%. Þeir staðir sem enda ofarlega eru með bestu þátttökuna. Þeir sem klára könnunina eru sjálfkrafa með í happadrætti.

Árni sagði að á síðasta fundi kom fram að skoða ætti hvaða fundartími hentaði flestum. Þessi fundur í dag var boðaður kl. 13:15 til að koma betur á móts við trúnaðarmenn, fundartími verði þá 13:15-15:30. Allir voru samþykkir þessum nýja fundartíma.

Önnur mál

Árni bauð fundarmönnum að taka til máls um vaktavinnufólkið og styttinguna.

Gunnar Rúnar – hugtak sem hefur ekki heyrst, viðbragðsvakt – Svar- „Light bakvaktir“

Spurning, áform að koma flestum í stærra starfshlutfall til að gæta að heilsu vaktavinnufólks. Hver er áætlunin í að vera með fræðslu um lýðheilsuna, sumir vilja aukavaktir og bara næturvinnu. Hvaða kerfi verður sett í gang til að fræða fólk? Árni sagði að áhrif vaktavinnu á heilsu starfsmanna og fjölskyldulíf hefur vakið mikla athygli undanfarið og verður lögð vinna í að útbúa fræðslupakka. Hann sagði að þessi áhrif hafi aldrei verið eins mikið í umræðunni og nú. Styttingin þýðir jafnvel að það falla út 1-2 vaktir á mánuði. Það er verið að togast á um kostnaðinn við þessa breytingu.

Spurning – vinnuskylda og föst yfirvinna - hvernig passar það í styttri vinnuviku? Verður það tekið í stofnanasamninga? Svar – föst yfirvinna verður á hærri yfirvinnuprósentunni, lægri prósentan gildir ef þú ert að vinna yfirvinnu, fólk sem er í hlutavinnustarfi t.d.

Spurning – lægri yfirvinnuprósentan er aðeins 0,85%, hann er sammála Árna að það verður ógerlegt að fá fólk í yfirvinnu fyrir ekki hærri prósentu.

Fundi slitið kl. 15:30